


AFKOMA FYRSTU ÞRÍJA ÁRSFJÓRÐUNGA 2012


HELSTU NIÐURSTÖÐUR ÓENDURSKOÐAÐS UPPGJÖRS

- Afkoma bankans eftir skatta var jákvæð um 16,2 milljarða samanborið við 11,3 milljarða fyrstu þrjú ársfjórðunga 2011.
- Hagnaður eftir skatta á þriðja ársfjórðungi var 4,6 milljarðar samanborið við 3,3 milljarða á þriðja ársfjórðungi 2011.
- Hagnaður eftir skatta af reglulegri starfsemi var 10,8 milljarðar fyrstu 9 mánuði ársins, samanborið við 11,4 milljarða á sama tímabili í fyrra.
- Skattar og gjöld greidd ríkisstofnunum voru 6,7 milljarðar á tímabilinu, samanborið við 4,5 milljarða á sama tímabili árið 2011.
- Nettó tekjufærsla vegna endurmats lánasafnsins var jákvæð um 2,8 milljarða á tímabilinu, samanborið við 0,8 milljarða gjaldfærslu á sama tímabili í fyrra.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 16,3%, samanborið við 11,9% á sama tímabili 2011. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var 10,9%, samanborið við 12,0% á sama tímabili árið 2011.
- Frá stofnun bankans hafa um 19.300 einstaklingar og um 3.340 fyrirtæki fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum sem nema um 420 milljörðum króna.
- Heildareignir við lok þriðja ársfjórðungs námu 813 milljörðum, samanborið við 796 milljarða í árslok 2011.
- Heildarinnlán við lok ársfjórðungsins námu 524 milljörðum, samanborið við 526 milljarða í árslok 2011.
- Vaxtamunur var 3,9% á tímabilinu, samanborið við 4,8% á sama tímabili 2011.
- Eigið fé nam 140 milljörðum í lok tímabilsins, sem er hækkun um 13,2% frá árslokum 2011. Fjárhagsstaða Íslandsbanka er traust, eiginfjárlutfall var 24,3% í lok tímabilsins.

HAGNAÐUR EFTIR SKATTA ISKm



ARÐSEMI EIGIN FJÁR %



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

„Ég er ánægð með þetta uppgjör sem er í takt við fyrri árhslutareikninga bankans á þessu ári. Starfsfólk Íslandsbanka getur verið stolt af þeim árangri sem náðst hefur frá stofnun bankans en jafnvægi hefur aukist mjög í rekstrinum. Lausafjárstaða bankans er áfram sterk sem og eiginfjárlutfallið sem er vel yfir því lágmarki sem Fjármálaeftirlitið setur.“

Þóknatekjur hafa aukist milli ára og má rekja það meðal annars til aukinna verkefna tengdum markaðsviðskiptum og fyrirtækjaráðgjöf. Við sjáum skýr merki þess að markaðir eru að lifna við. Íslandsbanki hafði umsjón með skuldabréfaútbóði Eikar fasteignafélags en útbóðið var það stærsta hjá einkaaðila frá árinu 2008 og markar ákveðin tímamót í fyrirtækjafjármögnun. Þá hafði Íslandsbanki umsjón með skráningu hlutabréfa Eimskipa og er að vinna að fyrirhugaðri skráningu hlutabréfa Vodafone í kauphöllina auk þess sem unnið er að skráningu annarra stórfyrirtækja á markað.

Útgáfa á sértryggðum skuldabréfum bankans hélt áfram, tveir flokkar hafa verið stækkaðir og í október gaf bankinn í fyrsta sinn út óverðtryggðan flokk. Umframfyrirspurn var í báðum útböðum en Íslandsbanki hefur nú gefið út sértryggð skuldabréf að upphæð 11,4 milljarða frá því í desember 2011.

Dómur Hæstaréttar í máli Borgarbyggðar sem féll í október vikkaði fordæmisgildi Hæstaréttardóms frá febrúar vegna endurútreiknings ólögðra gengistryggðra lána. Áður höfðu bankarnir valið 11 prófmál til að svara þeim álitamálum sem enn voru uppi eftir dómnum í febrúar. Íslandsbanki telur að flestum þessara álitamála hafi verið svarað í dómnum í október og féll því frá þremur dómsmálum til að flýta endurútreikningi. Bankinn stendur við fyrri yfirlýsingar sínar um að betri réttur viðskiptavina gildi og mun nú endurreikna 14.000 ólögð mæt gengistryggð lán.“

Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengill – Jóhann Wathne, johann.wathne@islandsbanki.is og í síma: 440 4607.
- Upplýsingafulltrúi – Guðný Helga Herberdsdóttir, gudny.helga.herberdsdottir@islandsbanki.is og í síma: 440 3678.

Helstu tölur	30.09.12	31.12.11
	ISKma	ISKma
Heildareignir	813	796
Heildarútlán	608	608
Heildarinnlán	524	526
Eigið fé	140	124
Innlánahlutfall	86%	87%
Eiginfjárlutfall A (T1)	20,9%	19,1%
Eiginfjárlutfall B	24,3%	22,6%

Helstu tölur	9M2012	9M2011
	ISKma	ISKma
Arðsemi eigin fjár	16,3%	11,9%
Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi	10,9%	12,0%
Hagnaður eftir skatta	16,2	11,3
Hagnaður af reglul.starfsemi	10,8	11,4
Kostnaðarhlutfall	51,0%	50,2%
Vaxtamunur	3,9%	4,8%

REKSTRARREIKNINGUR


ISK m	9M12	9M11	2011	2010
Hreinar vaxtatekjur	23.285	24.151	31.225	34.874
Virðisbreyting útlána og krafna	2.782	-831	-1.296	14.507
Almenn virðisrýrnun	-579	12	76	-514
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingar	25.488	23.332	30.005	48.867
Hreinar þóknatekjur	6.704	4.366	5.966	7.380
Hreinn gengishagnaður (tap)	1.544	408	937	-963
Hreinar fjármunatekjur (gjöld)	2.099	-337	2.649	-910
Aðrar rekstrartekjur	815	968	894	1.186
Rekstrartekjur samtals	36.650	28.737	40.451	55.560
Laun og launatengd gjöld	-9.429	-7.109	-10.531	-9.207
Annar rekstrarkostnaður	-8.459	-6.643	-9.339	-8.659
Iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	-798	-684	-965	-607
Rekstrarkostnaður samtals	-18.686	-14.436	-20.835	-18.473
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	0	-17.873	0
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	39	0
Hagnaður fyrir skatta	17.964	14.301	1.782	37.087
Tekjuskattur	-4.463	-3.097	-75	-7.214
Bankaskattur	-631	-509	-682	-221
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	3.351	651	841	-283
Hagnaður ársins	16.221	11.346	1.866	29.369
Hagnaður af reglulegri starfsemi	10.811	11.359	13.905	17.756

Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreind sem hagnaður án einkisliða s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánabókinni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningskilaaðferða, kostnaður sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar og nettó hagnaður vegna aflagðrar starfsemi.


TEKJUR

- Bankinn hefur lagt áherslu á stöðugar grunntekjur. Á fyrstu 9 mánuðum 2012 skapa grunntekjustoðir áfram stóran hluta af rekstrartekjum, en yfir 80% af rekstrartekjum bankans koma frá hreinum vaxtatekjum og hreinum þóknatekjum.
- Hreinar vaxtatekjur námu 23,3 milljörðum króna, samanborið við 24,2 milljarða á sama tímabili 2011. Lækkunin fylgir áætlunum um þróun afsláttar af lánabók. Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna, var 3,9% á tímabilinu, samanborið við 4,8% á sama tímabili í fyrra og 4,5% fyrir árið 2011.
- Verðtryggingarójöfnuður bankans var 17 milljarðar við lok tímabilsins. Honum er stýrt með skiptasamningum og útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa.
- Hreinar þóknatekjur námu 6,7 milljörðum, samanborið við 4,4 milljarða á sama tímabili árið 2011, sem er 53,6% hækkun milli tímabila. Hækkunina má m.a. rekja til samruna við Byr, komu nýrra þóknadryfina dótturfélaga inn í samstæðuna og aukinna umsvifa á íslenskum verðbréfamörkuðum.
- Hreinn gengishagnaður á tímabilinu, sem skýrist að mestu af veikingu krónunnar, nam 1,5 milljörðum, samanborið við 0,4 milljarða króna hagnað á sama tímabili 2011. Hluti þessarar tölu, 0,3 milljarðar, er tilkominn vegna vaxtamunar á gjaldmiðlaskiptasamningum. Gjaldreyisójöfnuður bankans var 23 milljarðar við lok tímabilsins, sem er innan þeirra marka sem eftirlitsaðilar setja bankanum, en hann hefur farið minnkandi samfara fjárhagslegri endurskipulagningu á lánabókinni.
- Hreinar fjármunatekjur, sem að stærstum hluta er gengishagnaður af hlutabréfum, námu 2,1 milljarði á fyrstu 9 mánuðum ársins 2012, samanborið við tap upp á 0,3 milljarða á sama tímabili 2011.

HREINAR VAXTATEKJUR
ISKm



VAXTAMUNUR (af meðalstöðu
heildareigna)
%



REKSTRARREIKNINGUR – frh.

- Aðrar rekstrartekjur, sem samanstanda að megninu til af leigutekjum og tekjum vegna þjónustusamninga, námu 0,8 milljörðum samanborið við 1 milljarð á sama tímabili 2011.

KOSTNAÐUR

- Kostnaðarhlutfall var nokkuð stöðugt í 51,0%, samanborið við 50,2% fyrir sama tímabil 2011 og 51,5% fyrir allt árið 2011.
- Kostnaðarhlutfall af grunnstarfsemi, reiknað sem hlutfall heildarrekstrarkostnaðar af hreinum vaxta- og þóknatekjum, var 62,3%, samanborið við 50,6% á sama tímabili 2011.
- Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda hækkaði um 0,1 milljarð á milli ára, eða úr 0,7 milljörðum á fyrstu 9 mánuðum ársins 2011, í 0,8 milljarða í ár, vegna þróunar á heildarinnlánum bankans.
- Laun og launatengd gjöld námu 9,4 milljörðum á tímabilinu, samanborið við 7,1 milljarð á sama tímabili 2011. Aukningin er einkum fólgin í kostnaði tengdum samruna við Byr og nýrri skattheimtu á fjármálafyrirtæki sem innleidd var 2012 og nemur 5,45% á heildarlaun.
- Meðalfjöldi stöðugilda móðurfélagsins var 1.132 á tímabilinu, samanborið við 1.000 á sama tímabili 2011, en aukningu má rekja til samrunans við Byr og Kreditkort.
- Heildar rekstrarkostnaður nam 18,7 milljörðum samanborið við 14,4 milljarða á sama tímabili 2011. Hluta hækkunarinnar má skýra með samruna við Byr og tengdum kostnaði, sérstaklega sérfræðikostnaði og kostnaði vegna upplýsingatækni mála, auk áhrifa frá nýjum dótturfélögum.


SKATTAR OG GJÖLD VEGNA REKSTURS RÍKISSTOFNANA

- Tekjuskattur á fyrstu 9 mánuðum 2012 var 4,5 milljarðar, samanborið við 3,1 milljarð fyrir sama tímabil 2011. Skattheimta hefur aukist töluvert á undanförunum árum, meðal annars með álagningu sérstaks 6% fjársýsluskatts á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 milljarð króna.
- Bankaskattur, sem var innleiddur árið 2010 og reiknast sem 0,041% af heildarskuldum síðastliðins árs, var 0,6 milljarðar króna á tímabilinu samanborið við 0,5 milljarða króna fyrir sama tímabil 2011. Innifalið í þessari fjárhæð er tímabundin skattheimta til að greiða uppbót á vaxtabætur, sem reiknast sem 0,0875% af heildarskuldum næstliðins árs.
- Fjársýsluskattur á laun sem innleiddur var á árinu nemur 0,4 milljörðum á tímabilinu.
- Kostnaður greiddur til FME og umboðsmanns skuldara nam 0,3 milljörðum króna á tímabilinu, samanborið við 0,2 milljarða á sama tímabili 2011 og 0,3 milljarða allt árið 2011.
- Skattar og gjöld greidd til ríkisstofnana námu 6,7 milljörðum á tímabilinu, samanborði við 4,5 milljarða á sama tímabili í fyrra.


HAGNAÐUR AF AFLAGÐRI STARFSEMI

- Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta var 3,4 milljarðar á tímabilinu, samanborið við 0,7 milljarða á sama tímabili 2011. Aukninguna má helst rekja til sölu á eignarhlutum í eigu Miðengis, dótturfélags bankans sem og leigutekna og tekna frá fullnustueignum.


HREINAR ÞÓKNATEKJUR
ISKm




REKSTRARKOSTNAÐUR (án afskriftar v.vildar)
ISKm




KOSTNAÐARHLUTFÖLL (án afskriftar v.vildar)
%



MEÐAL STÖÐUGILDI



SKATTAR (tekjuskattur og bankaskattur)
ISKm




REKSTRARREIKNINGUR – frh.

HAGNAÐUR

- Hagnaður eftir skatta var 16,2 milljarðar króna á fyrstu þremur ársfjórðungum 2012, en var 11,3 milljarðar á sama tímabili í fyrra. Þetta samsvarar 16,3% arðsemi eigin fjár, samanborið við 11,9% á sama tímabili 2011.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 10,8 milljörðum króna og samsvarandi arðsemi eigin fjár 10,9%. Til samanburðar var hagnaður af reglulegri starfsemi 11,4 milljarðar króna á sama tímabili 2011, sem samsvarar arðsemi eigin fjár upp á 12,0%. Lækkun arðseminnar milli ára skýrist að mestu af hækkun eigin fjár.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður án einskisliða s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánabókinni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningskilaaðferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar og nettó hagnaðar vegna aflagðrar starfsemi.

SKIPTING REKSTRARTEKNA
%




EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR	ISKm	30.09.12	30.06.12	31.12.11
Handbært fé og innstæður í Sí		87.059	72.072	57.992
Afleiðusamningar		257	306	339
Skuldabréf og skuldagerningar		52.127	50.386	58.662
Hlutabréf og eiginfjárgerningar		9.878	9.870	11.107
Útlán til lánastofnana		60.942	50.218	43.655
Útlán til viðskiptavina		546.905	545.898	564.394
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum		912	912	1.070
Varanlegir rekstrarfjármunir		5.545	5.629	5.276
Óefnislegar eignir		602	608	544
Tekjuskattsinneign		1.533	1.997	2.629
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi		37.528	39.149	42.690
Aðrar eignir		9.423	12.892	7.557
Heildareignir		812.711	789.937	795.915


EIGNIR

- Heildareignir bankans námu 812,7 milljörðum við lok tímabilsins, samanborið við 795,9 milljarða við lok árs 2011.
- Lán til viðskiptavina námu 546,9 milljörðum við lok september 2012, samanborið við 564,4 milljarða við árslok 2011 og 545,9 milljarða króna við lok annars ársfjórðungs. Er þetta annar fjórðungurinn þar sem ný útlán vaxa umfram inngreiðslur. Lækkun frá áramótum skýrist einkum af endurgreiðslu á stóru ríkistrygðu útláni.
- Gert er ráð fyrir að endurskipulagning stærstu fyrirtækjaútlána verði lokið við árslok 2012 og fyrir alla lánabókina við árslok 2013.
- Skuldabréf og skuldagerningar voru 52,1 milljarður í lok tímabilsins, sem samanstendur aðallega af G5 ríkisskuldabréfum vegna lausafjárshafns bankans.
- Hlutabréf og eiginfjárgerningar voru 9,9 milljarðar en lækkun frá 11,1 milljörðum við lok árs 2011 má að mestu rekja til sölu á hlutabréfum í Ícelandair.
- Fastafjármunir til sölu voru 37,5 milljarðar við lok september 2012, samanborið við 42,7 milljarðar við árslok 2011. Lækkunin er að hluta tilkomin vegna sölu eignarhluta í eigu dótturfélags Íslandsbanka.

HEILDAREIGNIR
ISKm



ÚTLÁN EFTIR GEIRUM, 30.09.2012
%



EFNAHAGSREIKNINGUR – frh.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	ISKm	30.09.12	30.06.12	31.12.11
Fjárskuldir		10.493	11.154	9.346
Afleiðusamningar		5.005	5.377	4.027
Innlán lánastofnana og Sí		41.921	41.914	62.845
Innlán viðskiptavina		482.544	457.887	462.943
Lántaka		64.693	66.513	63.221
Víkjandi lán		22.093	21.853	21.937
Skattskuldir		306	1.156	2.670
Tekjuskattsskuldbinding		235	238	17
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi		5.080	5.761	7.317
Aðrar skuldir		40.296	42.603	37.889
Heildarskuldir		672.666	654.456	672.212
Eigið fé		140.045	135.481	123.703
Heildarskuldir og eigið fé		812.711	789.937	795.915

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ


- Heildarskuldir námu 672,7 milljörðum króna við lok þriðja ársfjórðungs 2012, samanborið við 672,2 milljarða króna við lok árs 2011.
- Innlán viðskiptavina hafa verið stöðug á tímabilinu, eða 482,5 milljarðar við lok september, samanborið við 462,9 milljarða við árslok 2011. Hlutfall innlána á móti útlánnum var 86,3% og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánnum var 88,2% við lok september 2012.
- Bankinn er með víkjandi lántöku að fjárhæð 22,1 milljarður króna, sem er Tier II ríkisskuldabréf að fjárhæð 138 milljónir evra sem fylgdi samkomulagi Glitnis og íslenska ríkisins í september 2009.
- Við lok september var eigið fé bankans 140 milljarðar, samanborið við 123,7 milljarða við lok árs 2011, sem er hækkun um 13,2%.
- Eiginfjárlutfall bankans var 24,3% og þar af var eiginfjárlutfall A (Tier1) 20,9%. Þetta er vel yfir þeim mörkum sem FME hefur sett bankanum. Eiginfjárlutföll hafa hækkað samhlíða uppsöfnuðum hagnaði.
- Lögboðið eiginfjárlutfall bankans skv. reglum FME var 23,5%, þar af var eiginfjárlutfall A (Tier1) 20,2%. Lögboðið eiginfjárlutfall er byggt á könnuðum eiginfjárgrunni frá 30. júní 2012.

FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárlutföll bankans vel umfram kröfur eftirlitsaðila. Við lok tímabilsins nam laust fé 31% af heildarinnlánnum.
- Bankinn hefur að mestu verið fjármagnaður með innlánnum frá stofnun hans árið 2008.
- Íslandsbanki var fyrsti bankinn til að gefa út sértryggð skuldabréf í NASDAQ OMX kauphöllinni á Íslandi eftir hrún. Þar með var stigið mikilvægt skref í að auka breidd í fjármögnun bankans. Íslandsbanki hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf og stefnir á að gefa út slík bréf fyrir um 10 milljarða króna árlega. Alls hefur bankinn nú gefið út sértryggð skuldabréf að fjárhæð 11,4 milljarðar.
- Bankinn er ekki háður fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum og hefur ekki þörf fyrir slíka fjármögnun til skemmri tíma. Bankinn hefur engu að síður kannað þá möguleika sem standa til boða í þeim efnum og mun nýta þau tækifæri sem gefast til að fjármagna stækkun á lánabókinni ef til þess kemur.


INNLÁN - MÓÐURFÉLAG

ISKma



EIGINFJÁRLUTFALL

%



FJÁRHAGSDAGATAL

Stefnt er að birtingu árschluta- og ársuppgjör á neðangreindum dagsetningum.

- 4Q2012 – 28. febrúar 2013
- Þögult tímabil 18. febrúar – 27. febrúar
- Aðalfundur – 18. apríl 2013
- 1Q2013 – 30. maí 2013
- Þögult tímabil 20. maí – 29. maí

Dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.